

Fundur haldinn í Hverfisráði Sandvíkurhrepps 12. Mars 2020 kl. 17:00 að Eyravegi 27, Selfossi.

Mættir; Oddur Hafsteinsson, Páll Sigurðsson, Anna Valgerður Sigurðardóttir, Kjartan Björnsson, Arna Ýr Gunnarsdóttir og Margrét Katrín Erlingsdóttir. María Hauksdóttir boðaði forföll.

Formaður Margrét Katrín setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund ársins.

1. Göngustígur að Tjarnabyggð. Formaður kynnti upplýsingar sem bárust frá sveitarfélaginu og að búið væri að setja hlið á stíginn og lokabyggðinni. Fram kom meðal annars að ekki verður hægt að leggja stíginn gegnum byggðina þar sem ekki er pláss fyrir hann. Hverfisráð hafði áður bent á að stígurinn er ekki á skipulagi byggðarinnar og að um einkalönd eru að ræða þar sem ekki er rími fyrir hann utan þeirra.
2. Lækjamótavegurinn. Formaður lagði fram svör frá sveitarfélaginu þar sem kom fram að vegurinn er ekki í eigu Árborgar og því ekki þjónustaður.

Hverfisráð bendir á eftirfarandi og fer fram á úrbætur og lausnir vegna Lækjamótavegar:

- a. *Öryggi barna í skólabílnum*: Foreldrar telja að öryggi barna í skólabílnum sé ógnað þegar bíllinn keyrir Lækjamótaveg. Holurnar í veginum eru orðnar svo stórar og sumstaðar eru skurðir þvert yfir veginn. Þetta veldur því að börnin þurfa að halda sér fast í bílnum svo höfuð þeirra skelli ekki í rúðurnar. Mörg börn hafa kvartað yfir þessu við foreldra sína. Þær upplýsingar hafa komið frá sveitarfélaginu að skólabíllinn fari ekki Lækjamótavegin en bíllinn fer samt sem áður þar um á hverjum degi og oft á dag og hefur alltaf gert. Óskað er eftir því að skólabíllinn hætti strax að keyra Lækjamótaveg ef ekki er hægt að sinna viðhaldi á veginum.
  - b. *Hefð fyrir Lækjamótavegi í nothæfu ástandi og notkun hans fyrir íbúa sveitarfélagsins*: Löng hefð er fyrir Lækjamótavegi þar sem íbúar sveitarfélagsins hafa notað hann í fleiri tugi ára. Á þeim tíma hefur honum verið haldið við með reglubundnum hætti þar til núna síðustu árin. Óskað er eftir að sveitarfélagið láti skoða hvort komin sé hefð fyrir Lækjamótavegi út frá lögum um hefð en meginreglan er sú að ef eitthvað hefur verið til staðar eða í notkun í meira en 20 ár þá er komin á hefð. Ef hefð er komin fyrir Lækjamótavegi væri kominn grundvöllur fyrir því að sveitarfélagið gæti sinnt nauðsynlegu viðhaldi á veginum sem er mikilvæg samgöngubót fyrir íbúa í dreifbýlinu og sveitarfélaginu öllu.
3. Grendarstöð í Sandvíkurhreppi. Erindi hefur borist frá Framkvæmda og tæknideild Árborgar vegna staðsetningar á grendarstöð í Sandvíkurhreppi og ábendingu um staðsetningu.
    - a. Hverfisráð bendir á að best væri að hafa tvær stöðvar annarsvegar í vestursveitinni og hins vegar í austursveitinni. Má þó nefna að ef íbúar við Votmúlaveg (austursveit) gætu notað Lækjamótaveg til þess að komast inn á Selfoss þá er vel hugsandi að þeir gætu nýtt grendarstöðina sem staðsett er við Sunnulækjarskóla en eins og staðan er núna varðandi Lækjamótaveg er ekki hægt að ætlast til þess að íbúar í dreifbýlinu noti veginn og því er í raun þörf á stöðvum bæði í austursveit og vestursveit.
    - b. Hverfisráð óskar eftir upplýsingum um hvar sveitarfélagið eigi land til að geta mælt með staðsetningum.
  4. Snjómokstur í Sandvíkurhreppi. Hverfisráð hefur fengið ábendingar frá fjölda íbúa um að sitthvað megi betur fara í snjómokstri. Komið hefur fyrir oft en einu sinni þennan veturinn að íbúar í Tjarnabyggð hafa ekki komist til vinnu þar sem ekki hefur verið mokað. Íbúar í

sveitinni allri hafa áhyggjur af þessari þróun sem hefur verið í vetur. Íbúarnir ganga ekki til vinnu og því er mikilvægt að búið sé að moka stofnleiðir snemma morguns eins og verið hefur síðustu ár, en borið hefur á því í vetur að ekki sé mokað fyrr en líður á daginn ef það er mokað. Hverfisráð óskar eftir að farið sé yfir skipulagið og úr þessu bætt.

5. Efnisflutningar í Tjarnabyggð.

Frá því í janúar á þessu ári hafa farið fram miklir efnisflutningar úr Björkurstykki inn í Tjarnabyggð og urðu vegir byggðarinnar eitt forar svað sem er með öllu ólíðandi í íbúabyggð. Ekkert eftirlit var haft með þessum flutingum að hálfu sveitarfélagsins og ekkert formlegt leyfi veitt fyrir þeim, en munnlegt leyfi var gefið og samkvæmt þeim upplýsinum sem aflað hefur verið er efnið langt yfir því sem leyfilegt hefði verið.

Hverfisráð óskar eftir því að sveitarfélagið veiti ekki leyfi fyrir þessum flutningum nema að þeir uppfylli lög og reglur og að eftirlit sé haft með þeim svo að götur verði ekki eins og mýrarstígar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15